MMF 02.015

Gifsveggir og loft heilspörtlun

FLOKKUR	VERKÞÆTTIR	MÆLING
02 Loft og veggir	13	Fermetrar

VERKÞÆTTIR

1. Leggja pappírsborða í spartl.
2. Spartla samskeyti eina umferð.
3. Slípa lauslega.
4. Heilspartla eina umferð.
5. Lokaslípun.
6. Grunna með akrýlgrunni.
7. Blettspartla.
8. Blettmála.
9. Slípa lauslega.
10. Mála eina umferð með akrýlmálningu.
11. Slípa lauslega.
12. Mála eina umferð með akrýlmálningu.
13. Frágangur og tiltekt.

MÆLING OG UPPGJÖR

- Veggir mælast í fermetrum.
- Þau op sem eru stærri en 2 m² dragast frá þ.e. það sem umfram er 2 m². (þ.e.a.s. 10 m² op, þá dregst 8 m² frá og tveir standa eftir, vegna vinnu við frágang við op, t.d. gluggaop, o.s.frv.)
- Kantar inn að gluggum mælast með veggjum eða loftum, þ.e. ljósop gluggans er minnkað sem nemur kantinum.
- Úthornalistar ekki innifaldir í fermetraverði og þurfa að mælast sér sem heildarlengdarmetrar.